

✉ Re: 202212147 - Ósk um umsögn, Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls

Búið til	3.2.2023 14:04:22
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.2.2023 14:04:21
Tilheyrir	📁 202301-0103 - Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls á Möðrudalsöræfum - ósk um umsókn.

Efni

Re: 202212147 - Ósk um umsögn, Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.2.2023 14:04:21	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is, skipulagsfulltrui@mulathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202301-0103 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltúra Múlapings, dags. 13. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls á Möðrudalsöræfum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þrátt fyrir að virkjunin sjálf sé ekki stór með tilliti til orkuframleiðslu verður töluvert rask af áætlaðri framkvæmd þar sem koma þarf fyrir fallþípu, rafstreng og ljósleiðara og mögulegri strenglöggn í jörðu. Allar munu þessar lagnir liggja um að mestu ósnortin svæði. Af þessu verður rask á gróðri, ekki síst á grónum, rökum eyrum (Kollseyrum) sunnan Langadalsár sem og í hlíðum Axlarkolls þar sem ummerki geta orðið mjög áberandi í landslagi.

Þá mun inntakslón myndast í mynni gils í Langadalsá. Ekki kemur fram í skipulagslýsingunni hvar inntakslónið verður nákvæmlega staðsett eða hversu stórt það verður.

Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að lagt sé mat á hvert rask á gróðurlandi og jarðminjum verður vegna framkvæmdarinnar í heild. Þá þarf að leggja mat á hvort og hvernig lífríki Langadalsár verði fyrir áhrifum af virkjuninni. Fara þarf í athuganir á vettvangi ef gögn um náttúrufar áhrifsvæðisins liggja ekki fyrir nú þegar.

Náttúrufræðistofnun telur að ef grunnforsenda fyrir framkvæmdina sé orkuöryggi fyrir fjarskiptamastrið ætti að skoða aðrar leiðir við orkuöflun sem ekki fela í sér jafn mikið rask. Orkuþörf fyrir mastrið er metin einungis um 5 kW en virkjunin mun framleiða tífalt meiri orku. 1200 m strenglagn að Hringveginum sem raskar m.a. gróðurfari Kollseyra er í raun til að nýta orkuna í fleira. Hefði verið möguleiki að kanna möguleika á lítilli vindorkustöð eða sólarrafhlöðu við fjarskiptamastrið til að tryggja orkuöryggi þess og geta þar með sleppt áformum um smávirkjunina í Langadalsá og því raski sem framkvæmd hennar mun fylgja? Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að aðrir valkostir séu skoðaðir vandlega og ræddir í samhengi við þessi áform.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Með kveðju og góða helgi,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>

To: "skrifstofa@vfh.is" <skrifstofa@vfh.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>

CC:

Subject: 202212147 - Ósk um umsögn, Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls

Date: 13.1.2023 09:39:37

Góðan daginn,

í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óskar Múlaþing eftir umsögn um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls á Möðrudalsöræfum. Greinagerð er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **10. febrúar 2023**.

Bestu kveðjur,



Sólveig Valdímarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is

(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is

(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ca6d82954039a4f2d5db508daf549fab6%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638091995770159862%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=Ile5Bwsc5j6JATpQo0CGqDwR75msf1WrnaKFCnTwcQY%3D&reserved=0)

Skilmálar varðandi tölvupósti

(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ca6d82954039a4f2d5db508daf549fab6%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638091995770159862%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=O1%2FuRCo6sgb71tgT350Q6xrHUFyhQom%2Fe7YKXmIGhZQ%3D&reserved=0)